

ÁRSSKÝRSLA 2011



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf

Stakkanesi 1 • 400 Ísafjörður

Sími: 450 3211 • Fax: 456 3204

Netfang: orkubu@ov.is • Heimasíða: www.ov.is



ORKUBÚ VESTFJARÐA
34. STARFSÁR



Urðarhjalli við Látrabjarg

ÁRSSKÝRSLA 2011



ORKUBÚ VESTFJARÐA ehf
34. STARFSÁR



EFNISYFIRLIT

<i>Stjórn og stjórnskipulag</i>	3
<i>Formáli</i>	4
<i>Ávarp stjórnarformanns</i>	5
<i>Helstu framkvæmdir 2011</i>	6
<i>Helstu framkvæmdir 2012</i>	7
<i>Íbúaföldi á orkuveituvæði O.V.</i>	8
Ársreikningur	9-25
<i>Mjólká</i>	26-27
<i>Raforkukerfi Vestfjarða</i>	28
<i>Rekstrartruflanir</i>	29
<i>Lykiltölur úr dreifikerfi</i>	29
<i>Vatnsaflsvirkjanir</i>	30
<i>Kyndistöðvar</i>	31
<i>Díselstöðvar</i>	32
<i>Orkuöflun</i>	33
<i>Orkudreifing</i>	34

Skammstafanir

kV	= kílóvolt	= 1.000 volt
kW	= kílóvatt	= 1.000 wött
MW	= megawatt	= 1.000 kW
kVA	= kílóvoltamper	= 1.000 voltamper
MVA	= megavoltamper	= 1.000 kVA
kWh	= kílóvattstund	= 1.000 wattstundir
MWh	= megawattstund	= 1.000 kWh
GWh	= gígawattstund	= 1.000 MWh
Gl	= gígalítrar	= 1.000 milljónir lítar

Forsíðumynd: Tungudalur, Sigurjón J. Sigurðsson.

Ljósmyndir: Aðrar myndir teknar af starfsmönnum Orkubús Vestfjarða.

Umsjón: Orkubú Vestfjarða ohf.

Hönnun, umbrot og prentvinnsla: H-prent ehf.




Hífling rafals vélar II Mjólká



STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG

Formaður:	Viðar Helgason
Varaformaður:	Kolbrún Sverrisdóttir
Ritari:	Viktoría Rán Ólafsdóttir Árni Brynjólfsson Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Varamenn:	Jóna Benediktsdóttir Þórir Örn Guðmundsson Ragnheiður Hákonardóttir Birna Benediktsdóttir Gísli Jón Kristjánsson

Skipurit
Orkubú Vestfjarða ohf





FORMÁLI

Fækkun íbúa á Vestfjörðum er stærsta ógnin við framtíðarrekstur Orkubús Vestfjarða. Árið 1984 bjuggu um 10.400 á veitusvæði Orkubús Vestfjarða en nú eru íbúar þar um 7.000. Með sama áframhaldi verður enginn íbúi eftir á Vestfjörðum að 50 árum liðnum. Stjórnvöld verða tafarlaust að grípa til aðgerða til að hindra frekari eyðingu byggðar og má þar fyrst nefna bættar samgöngur og jöfnun búsetukostnaðar.

Rafmagnsverð á Vestfjörðum stenst fyllilega samkeppni við það sem best gerist annars staðar á Íslandi en þrátt fyrir það er orkukostnaður heimila og fyrirtækja hærri á Vestfjörðum og er ástæðan sú að Vestfirðingar hafa ekki aðgang að ódýrari orkugjöfum en rafmagni til húshitunar. Það er mikilvægt, ef tryggja á byggð, að þessi búsetumismunur verði jöfnuð.

Það er umtalsvert kostnaðarsamara að dreifa raforkunni í dreifbýli heldur en þéttbýli og greiða íbúar í dreifbýli töluvert hærra verð fyrir dreifingu raforkunnar þrátt fyrir niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Það er réttlætismál og nauðsynleg aðgerð til styrkingar byggðar að þessar niðurgreiðslur verði auknar þannig að raforkuverð verði það sama í þéttbýli og dreifbýli.

Árið 2011 varð hagnaður af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfjarða sjöunda árið í röð. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var undir meðaltali síðustu 10 ára. Flutningskerfi Orkubúsins urðu ekki fyrir neinum meiri háttar rekstraráföllum.

Á árinu 2009 voru teknar ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir og endurnýjun í Mjólkárveikun á árunum 2010 og 2011. Gert var ráð fyrir að kostnaður yrði um 1.000 Mkr. og ætlaði Orkubúið að fjármagna verkið með fé frá rekstri, á árunum 2010 - 2012, þannig að ekki þyrfti að taka langtímalán þeirra vegna. Þetta hefur gengið eftir og var ný 7 MW virkjun, Mjólká II, tekin í notkun í lok síðasta árs. Heildarkostnaður við verkefnið varð um 900 Mkr.

Á árinu 2011 var 662 Mkr. varið til fjárfestinga, þar af voru tenggjöld og vinna greidd af öðrum 23,1 Mkr.. Lokið var við 7 MW virkjun. Settur var upp og tengdur nýr 1250 kVA spennir fyrir rafskautsketil að Skeiði Ísafirði. Tekinn var í notkun jarðstrengur í stað loflínu frá aðveitustöð

Skeiði Dýrafirði að Þingeyri. Unnið var við endurnýjun Bíldudalslínu vegna fyrirhugaðrar spennuhækkunar. Reykjanesálma í Reykhólalínu var endurnýjuð og þrífösuð með plægingu jarðstrengs. Plægður var jarðstrengur fram Staðardal í Steingrímsfirði. Rofahús í Trékyllisvík var endurnýjað og gert fjarstýranlegt. Lagður var nýr sæstrengur frá Reykjanesi að Nauteyri í Ísafjarðardjúpi. Unnið var áfram við styrkingu rafdreifikerfis í Ísafjarðardjúpi og Mýrarárvirkjun var gerð fjarstýranleg. Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins jókst um 7,1% frá fyrra ári og nam alls 253,5 GWh. Eigin orkuvinnsla var 92,2 GWh eða 36,4%, og orkukaup af öðrum orkuframleiðendum voru 161,3 GWh eða 63,6% af heildarorkuöfluninni.

Orkudreifing á veitusvæði Orkubús Vestfjarða jókst um 7,9 % frá fyrra ári og nam alls 229,5 GWh. Til hitunar fóru 150 GWh sem eru um 66% af heildarorkudreifingu fyrirtækisins. Á alla orkusölu, nema húshitun, var lagður 25,5% virðisaukaskattur. Á húshitun var lagður 7% virðisaukaskattur. Til viðbótar var lagður sérstakur skattur á raforku sem nemur 12 aukum á hverja kílóvattstund og sérstakur skattur á hitaveitur sem nemur 2% af heildarupphæð reiknings.

Verðskrár Orkubús Vestfjarða voru hækkaðar 1. janúar, verðskrá fyrir flutning og dreifingu raforku hækkaði um 6% og verðskrá fyrir hitaveitur hækkaði um 6%. Þann 1. júlí hækkaði verðskrá raforkusölu um 2,8%.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2011 varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 287,8 Mkr., en þegar tekið er tillit til tekjuskatts er hagnaður ársins um 230,2 Mkr. Afskriftir námu alls 278,4 Mkr.. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2011 voru alls 5.882 Mkr. og heildarskuldur alls 757 Mkr. Eigið fé nam því alls 5.125 Mkr. sem er um 87,1 % af heildarfjármagni.

Öllu starfsfólki Orkubús Vestfjarða eru þökkuð þeirra góðu störf.

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur lokið við stefnumótunavinnu sem grunnur hafði verið lagður að með vinnu starfsmanna Orkubúsins. Þar var römmuð inn sú sýn að hlutverk Orkubús Vestfjarða er að fylla heimili og fyrirtæki ljósi, yl og krafti með faglegri þjónustu og stuðningi okkar við vestfirskar byggðir. Þessa sýn ætlum við að uppfylla með því að hagnýta þekkingu okkar og lausnir til að virkja krafta Vestfjarða á hagkvæman hátt og auka þannig lífsgæði viðskiptavina okkar.

Að þessum þáttum mun Orkubú Vestfjarða starfa. Jafnframt voru mótaðar starfsreglur stjórnar, sem eiga að draga fram stjórnarhætti þá sem viðhafðir skulu. Stjórn félagsins vill tileinka sér þá stjórnarhætti sem best þykja fallnir til að styrkja grunngildi Orkubúsins, um áreiðanleika, þjónustu og framsækni.

Áreiðanleiki

Á meðan að verulega vantar á að markmið um jafna skiptingu kynja í stjórnnum fyrirtækja í landinu náist, hafa konur verið í meirihluta stjórnar Orkubús Vestfjarða undanfarin ár.

Rekstur Orkubús Vestfjarða gekk vel á árinu 2011 og var hagnaður eftir skatta 230,2 m.kr., rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti nam 555,4 m.kr. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna námu 278,4 m.kr. Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 662 m.kr. Veltufé frá rekstri nam 595,4 m.kr. Af 662 m.kr. fjárfestingum í fastafjármunum á síðasta ári fór tæpur þriðjungur í uppbyggingu veitukerfis Orkubúsins. Krafa er um frekari fjárfestingar í uppbyggingu raforkudreifingar þ.m.t. með því að bjóða þrífösun á raforku víðar.

Orkubú Vestfjarða stendur traustum fótum, og hefur byggst upp á því fé sem rekstur þess hefur skilað, fremur en skuldsetningu. Í þeirri uppbyggingu hefur félagið notið þess að ekki hafi verið gerðar verulegar kröfur um greiðslu arðs til eiganda. Nokkrar umræður hafa verið innan stjórnar um arðgreiðslur til eiganda félagsins, Ríkissjóðs. Bæði er það rétt og skylt að eigandinn fái endurgjald fyrir þá fjármuni sem lagðir hafa verið til félagsins. Á hitt má þó líta að Orkubú Vestfjarða hefur ríkar skyldur á starfssvæði sínu vegna meginþátta í uppbyggingu lífsgæða hjá íbúum Vestfjarða.

Þjónusta

Orkubú Vestfjarða lét framkvæma þjónustukönnun á meðal viðskiptavina sinna síðastliðið haust. Á grundvelli niðurstaðna þeirra könnunar hafa starfsmenn farið yfir hvernig bæta megi ýmsa þætti starfseminnar. Einn hlutur stendur þó upp úr sem kallar fram neikvæð viðbrögð í garð Orkubúsins. Það er rafmagnsverð og umfjöllun um það. Það er kostnaðarsamt að dreifa raforku á dreifbýlu svæði eins og Vestfjörðum. Verðskrá raforkusölu Orkubús Vestfjarða er sú lægsta sem býðst á landinu. Þar sem Orkubú Vestfjarða hefur ekki fullnýtt heimildir til hækkana á verðskrá raforkudreifingar, til að mæta dreifingarkostnaði, stenst verðskrá raforkudreifingar á veitusvæði Orkubús Vestfjarða fyllilega samanburð við verðskrár annarra dreifiveitna. Dreifing raforku ætti að vera jafnræðismál íbúa landsins án tillits til búsetu og bindur stjórn Orkubús Vestfjarða vonir við að vinna starfshóps á vegum iðnaðarráðherra muni leiða til aðgerða til jöfnunar kostnaðar á landsvísu, milli dreifibýlis og þéttbýlis.

Framsækni

Orkubú Vestfjarða vill styðja við byggðir á starfssvæði sínu. Því mun félagið auka fagmennsku og þekkingu starfsfólks og efla öryggi á öllum sviðum og leita nýrra lausna í þjónustu bæði við fyrirtæki og heimili. Orkubú Vestfjarða mun halda áfram fjárfestingum til tryggingar raforku og hita, þannig að atvinnulíf og mannlíf á Vestfjörðum geti byggst upp. En jafnframt hyggst Orkubú, með stuðningi við samfélagsverkefni sem íbúar fást við, leggja sitt að mörkum til að bæta lífsskilyrði og mannlíf á starfssvæði sínu.

Stjórnarmönnum færi ég þakkir fyrir góð samskipti og störf á árinu, en sérstaklega þakka ég Orkubússtjóra og öllum starfsmönnum Orkubús Vestfjarða vel unnin störf og ánægjuleg samskipti undanfarið ár. Án framlags þeirra og metnaðar fyrir hönd Orkubúsins og Vestfjarða væri staða Orkubús Vestfjarða ekki jafn sterk og raun ber vitni.

*Viðar Helgason,
formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða.*



HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2011

Rafveitusvið

Settur var upp og tengdur nýr 1250 kVA spennir fyrir rafskautsketil að Skeiði Ísafirði.

Tekinn var í notkun jarðstrengur í stað loftlínu frá aðveitustöð Skeiði Dýrafirði að Þingeyri.

Unnið var við endurnýjun Bíldudalslínu vegna fyrirhugaðrar spennuhækkunar. Línan er nú nánast tilbúin til spennuhækkunar í 66 kV.

Reykjanesálma í Reykhólalínu var endurnýjuð og þrífösuð með plægingu jarðstrengs. Plægður var jarðstrengur fram Staðardal í Steingrímsfirði og djúptenging þannig styrkt. Eldri strengur verður nýttur áfram til dreifingar. Rofahús í Trékyllisvík var endurnýjað og gert fjarstýranlegt.

Lagður var nýr sæstrengur frá Reykjanesi að Nauteyri í Ísafjarðardjúpi.

Unnið var áfram við styrkingu rafdreifikerfis í Ísafjarðardjúpi. Mýrarárvirkjun var gerð fjarstýranleg.

Mikil vinna hefur farið í innleiðingu ISO 9001 gæðakerfis og skráningu rafdreifikerfis í DMM.

Töluverð vinna fór fram á flutningskerfi Landsnets, bæði vegna viðhalds og bilana á línunum.

Orkusvið

Uppsetning á 7 MW fimm stúta Pelton vélasamstæðu sem kom í stað 5,7 MW vélar, nefnd Mjólka II. Samhliða þeirri framkvæmd var stöðvarhús Mjólkárirkjunar við Borgarvog lengt um 6,2 metra og nemur sú lenging 74 m². Ákveðinn yfirgangstími skapaðist þegar gamla vélin var stöðvuð og pípan tæmd þar til hægt var að fylla hana aftur af vatni. Á þessu tímabili var settur upp nýr höfuðloki á pípu við vél og nýr pípubrotsloki í inntaki við Langavatn.



Borgarneshús fest á steypugrunn



Plægning Reykjanesi



HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2012

Rafveitusvið

Spennistöð við Ísafjarðarveg í Hnífsdal verður endurnýjuð. Línur verða endurnýjaðar og þrífasaðar með jarðstrengjum í botni Öundurafjarðar og í Skutulsfirði.

Nýr sæstrengur verður lagður yfir Patreksfjörð. Unnið verður að áframhaldandi þrífösun Barðastrandarlínu. Plægður verður jarðstrengur frá Bildudal inn að Dufansdal. Um er að ræða bæði endurnýjun Flugvallarlínu og þrífösun, m.a. fyrir Bildudalsflugvöll og laxeldi.

Unnið verður að þrífösun á Ströndum, milli Sævangs og Þorpa. Loftlína innan við Drangsnes verður endurnýjuð með jarðstreng að hafnarsvæði. Þrífasað verður yfir Sveinhúsanes, Vatnsfjörð og Skálavíkurbá í Djúpi og nær þá þriggja fasa tenging frá landskerfinu að Látrum í Mjóafirði.

Áfram verður unnið að endurnýjun aðveitustöðvar á Ísafirði með Landsneti.

Búast má við að mikil vinna fari í færslu lagna á Ísafirði vegna byggingar ofanflóðavarna.

Áfram verður unnið með Landsneti að styrkingu 66 kV flutningskerfisins á Vestfjörðum.

Orkusvið

Gert er ráð fyrir að styrkur Orkusjóðs ásamt framlagi Orkubúsins og Vesturbyggðar verði nýttur til jarðhitaleitar þar. Sömuleiðis ná markmiðum Tálknafjarðarhrepps og Orkubúsins og koma á borun á 1.200 m djúpri holu og ef vel tekst til að sú hola geti orðið að vinnsluholu.

Koma upp tengibrúnni á Reykhólum og leggja lagnir á milli efra og neðra dreifikerfis, samtals um 800 metra af einfaldri hitaveitulögn bæði 80 og 100 mm stállögnum. Kaup á einni 600 kW færanlegri rafstöð og leggja niður eina vél á Patreksfirði.

Ýmis frágangsvinna er eftir vegna framkvæmda við Mjólka III og II frá árinu 2011, sem verður framkvæmd í sumar. Hagkvæmnisathuganir á að auka miðlun Mjólkárviðkjana er að ljúka og líttillar virkjunar sem nýtir fallið milli vatna, þ.e. hækkun Tangavatns, myndun Urðarvatnsmiðlunar og Hofsárveitu efri. Að þeirri vinnu lokinni kemur í ljós hvaða miðlun er hagstæðust.

Sömuleiðis verður verkkönnuð og kostnaðargreind miðlun í Mávavatni sem er á vatnasviði Blævadalsárvirkjunar. Skipt um gangráðsregli í Reiðhjallavirkjun. Undirbúningur með framkvæmdir 2013 í huga á endurnýjun Fossavélar í Engidal í Skutulsfirði. Ný vél yrði 1,2 MW og gamla vélin 600 kW yrði látin standa óhreyfð sem safngripur.



Í Sógandafirði




Landsæfing björgunarsveita



ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA

	Íbúatala 1.12.2011	Breyting frá 1.12.2010	Íbúatala 1.12.2010	Breyting frá 1.12.2009
Svæði I:				
Bolungarvík.....	890	3	887	-81
Ísafjarðarbær	3.758	-58	3.816	-81
Súðavíkurreppur.....	182	-12	194	-11
Samtals svæði I	4.830	-67	4.897	-173
Svæði II:				
Tálknafjarðarhreppur	279	-25	304	7
Vesturbyggð	905	14	891	-47
Samtals svæði II	1.184	-11	1.195	-40
Svæði III:				
Árneshreppur	52	0	52	2
Bæjarhreppur	100	0	100	4
Kaldrananeshreppur.....	105	-1	106	-8
Reykhólahreppur	270	-8	278	-14
Strandabyggð	515	14	501	-5
Samtals svæði III	1.042	5	1.037	-21
Vestfirðir samtals	7.056	-73	7.129	-234

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2011





Sæstrengslögn yfir Ísafjörð

ÁRSREIKNINGUR 2011



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf



Spennuhækkun Bíldudalslínu

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra	11	Sjóðstreymi.	16
Áritun endurskoðenda	12	Skýringar og sundurliðanir	17-25
Rekstrarreikningur	13	Rekstrar- og efnahagsstærðir.	25
Efnahagsreikningur.	14-15		



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2011 varð hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. sem nam 230,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2011 voru alls 5.882 millj. kr. og heildarskuldir alls 757 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.125 millj. kr. sem er um 87,1 % af heildarféjarmagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar.

Eigandi Orkubús Vestfjarða ohf. er Ríkissjóður Íslands.

Að beiðni eiganda Orkubús Vestfjarða mun stjórn félagsins leggja til við aðalfund þess að af hagnaði ársins 2011 verði greiddur arður að fjárhæð 46 milljónum króna.

Það er álit stjórnar og orkubússtjóra að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa skýra mynd af stöðu Orkubús Vestfjarða í árslok, rekstrarniðurstöðu ársins og breytingar á handbæru fé á árinu 2011.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2011.

Kópavogi, 18. apríl 2012

Víðar Helgason
stjórnarformaður

Kolbrún Sverrisdóttir

Viktoría Rán Ólafsdóttir

Árni Brynjólfsson

Eyrún I. Sigþórsdóttir

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2011 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 18. apríl 2012

Deloitte hf.

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2011

Rekstrartekjur:		2011	2010
	Skýr.	pús. kr.	pús. kr.
Raforkusala	15	1.406.232	1.208.362
Sala á heitu vatni	16	497.117	458.182
Tengigjöld	2	23.052	44.621
Aðrar tekjur	17	63.439	69.261
		<u>1.989.840</u>	<u>1.780.426</u>
Rekstrargjöld:			
Rekstur raforkukerfis:			
Orkuver	18	200.343	161.692
Raforkukaup	19	502.144	458.643
Raforkuflutningur	20	44.453	37.001
Aðveitu- og dreifikerfi	21	176.387	175.828
		<u>923.327</u>	<u>833.164</u>
Rekstur hitaveitukerfis:			
Raforkukaup		108.909	92.162
Kyndistöðvar		88.828	95.267
Dreifikerfi		23.049	25.530
		<u>220.786</u>	<u>212.959</u>
Sameiginlegur rekstrarkostnaður	25	290.317	293.648
		<u>1.434.430</u>	<u>1.339.771</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti		555.410	440.655
Afskriftir	3, 4	278.407	222.272
Rekstrarhagnaður		277.003	218.383
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og verðbætur		10.986	22.074
Vaxtagjöld		(228)	(20)
		<u>10.758</u>	<u>22.054</u>
Hagnaður fyrir skatta		287.761	240.437
Tekjuskattur	11	(57.551)	(32.097)
		<u>230.210</u>	<u>208.340</u>
	Hagnaður ársins	<u>230.210</u>	<u>208.340</u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

Fastafjármunir:	Skýr.	2011 þús. kr.	2010 þús. kr.
Óefnislegar eignir:			
Virkjanaframkvæmdir	3	0	16.890
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4		
Raforkukerfi		3.629.296	3.344.310
Hitaveitukerfi		328.771	331.158
Aðrir rekstrarfjármunir		902.723	794.417
		<u>4.860.790</u>	<u>4.469.885</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréf	8	355.076	355.684
Reiknuð tekjuskattsinneign	11	54.019	111.570
		<u>409.095</u>	<u>467.254</u>
Fastafjármunir		<u>5.269.885</u>	<u>4.954.029</u>
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir	2	192.756	186.314
Skammtímakröfur:	2		
Útistandandi orkureikningar	22	265.019	221.656
Aðrar skammtímakröfur	23	122.765	145.260
Handbært fé	2	31.908	129.326
Veltufjármunir		<u>612.448</u>	<u>682.556</u>
Eignir samtals		<u>5.882.333</u>	<u>5.636.585</u>



31. DESEMBER 2011

Skuldir og eigið fé

		2011	2010
Eigið fé:	Skýr.	pús. kr.	pús. kr.
Hlutfé		3.049.914	3.049.914
Lögbundinn varasjóður		1.016.637	1.016.637
Óráðstafað eigið fé		1.058.713	828.504
Eigið fé.	9	<u>5.125.264</u>	<u>4.895.055</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	10	519.556	490.637
		<u>519.556</u>	<u>490.637</u>
Skammtímaskuldir:			
Lánadrottinnar		154.596	172.746
Aðrar skammtímaskuldir	24	82.916	78.147
		<u>237.512</u>	<u>250.893</u>
		Skuldir samtals	741.530
		<u>757.068</u>	<u>741.530</u>
		Skuldir og eigið fé samtals	5.636.585
		<u>5.882.333</u>	<u>5.636.585</u>
Aðrar skuldbindingar:	12		



SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2011

Handbært fé frá rekstri:	2011 þús. kr.	2010 þús. kr.
Hagnaður skv. rekstrarreikningi	230.210	208.340
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Sölutap eigna	544	0
Afskriftir	278.407	222.272
Tekjuskattur	57.551	32.097
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	28.919	14.488
Veltufé frá rekstri	595.631	477.197
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir, lækkun (hækkun)	(6.442)	43.467
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	(48.198)	19.870
Skammtímaskuldir, hækkun	1.027	10.243
Breytingar alls	(53.613)	73.580
Handbært fé frá rekstri	542.018	550.777
 Fjárfestingarhreyfingar:		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		
Raforkukerfi	(471.576)	(576.726)
Hitaveitukerfi	(21.374)	(3.932)
Aðrir rekstrarfjármunir	(169.041)	(66.331)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	9.026	0
Seld hlutabréf	607	547
Lækkun á bundnum bankainnistæðum	27.330	15.866
Fjárfestingarhreyfingar	(625.027)	(630.576)
 Fjármögnunarhreyfingar:		
Skammtímaskuldir v/fjárfestinga, hækkun (lækkun)	(14.408)	61.000
Fjármögnunarhreyfingar	(14.408)	61.000
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(97.418)	(18.798)
Handbært fé í ársbyrjun	129.326	148.124
Handbært fé í árslok	31.908	129.326



SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Orkubú Vestfjarða ohf. er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Jafnframt að stunda virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Í ársreikningnum eru birtar samanburðarfjárhæðir úr ársreikningi fyrra reikningsárs.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

Tengigjöld notenda námu alls 23,1 millj. kr. á árinu 2011. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 1,2% af rekstrartekjum eru þau tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar og verðbætur

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við þær vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2012 og eru verðbætur færðar í rekstrarreikning. Peningalegar eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok ársins og er gengismunur færður yfir rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.



Skýringar frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söliverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söluðegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er kostnaður vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar við síðasta innkaupsverði.

Verðbréf

Verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Niðurfærslu krafna er ætlað að mæta þeirri áhættu sem fylgir kröfum Orkubúsins á aðra aðila. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Breyting niðurfærslunnar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

	2011	2010
Ársbyrjun	23.626	27.926
Afskrifað á árinu	(2.399)	(14.980)
Niðurfærsla ársins	21.227	12.946
Árslok	7.240	10.680
	<hr/>	<hr/>
	28.467	23.626

Heildarniðurfærsla í árslok er dregin frá viðkomandi efnahagsliðum í efnahagsreikningi, en breyting hennar á árinu er færð í rekstrarreikning.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Handbært fé

